

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum
Próf í endurskoðun og reikningsskilum – seinni hluti
10. október 2024
kl. 9:00 – 16:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 120 mín.

Þú stendur frammi fyrir eftirtöldum aðstæðum sem allar eru ótengdar innbyrðis vegna áritunar á ársreikning 2023.

- A. Fyrirtæki A ehf. er stórt félag sem starfar í ferðaþjónustu. Félagið veitir aðallega þjónustu tengda ævintýraferðum á Íslandi. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga.

Félagið var stofnað á árinu 2010 af eldhugunum Jökli og Eldari, sem áttu hvor um sig 50% hlut í félaginu. Undanfarin ár hefur orðið mikil og hröð þróun í starfsemi félagsins tengt vexti í ferðaþjónustu og áskorunum sem félagið stóð frammi fyrir á Covid tímum. Á árinu 2020 komu nýir fjárfestar inn í félagið og áttu þeir 80% hlut í lok árs 2023. Jökull og Eldar eiga nú hvor um sig 10% hlut. Fimm manna stjórn er í félaginu, þrír aðilar sem nýir meirihlutaeigendur hafa tilgreint og áður nefndir Jökull og Eldar.

Nýjum eigendum hafa fylgt ýmsar breytingar, Jökull er framkvæmdastjóri en Eldar hefur undanfarið dregið sig út úr rekstrinum en á sæti í stjórn félagsins. Ársreikningur 2023 ber með sér rekstrarlegt jafnvægi og engir mismunir hafa verið greindir við endurskoðunina. Á stjórnarfundum þar sem ársreikningur er áritaður hefur Eldar áritað með fyrirvara. Fyrirvari Eldars snýr að því að reikningsskilin séu villandi þar sem viðskiptavild sem er tilkomin vegna fjárfestingar í dótturfélagi á árinu 2022 sé ofmetin að hans mati, enda félagið keypt allt of háu verði. Eldar telur að vísbendingar um virðisrýrnun séu til staðar auk þess sem hann telur að stjórnarhættir félagsins séu ekki ásættanlegir. Aðrir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skrifa undir ársreikninginn fyrirvaralaust.

Þú hefur aflað nægjanlegra og viðeigandi endurskoðunargagna tengt mati á viðskiptavild og hefur ekki athugasemdir við mat stjórnenda.

Þú hefur ekki tök á að segja þig frá endurskoðun félagsins.

- B. Fyrirtæki B ehf. er stórt félag sem starfar við lyfjaþróun. Félagið hefur verið fjármagnað af eigendum sem eru fjársterkir aðilar. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningur 2023 verður undirritaður þann 5. mars 2024.

Í lok árs 2023 er staðan þannig að áætlanir stjórnenda miða við að núverandi fjármögnun dugi til að tryggja rekstur og áframhaldandi þróun út apríl 2024. Þann 15. febrúar 2024 hefur verið gengið frá samningum um viðbótarfjármögnun, sem áætlanir gera ráð fyrir að dugi félaginu til þriggja ára. Á þeim tíma gerir félagið ráð fyrir að ljúka þróun lyfjanna, afla viðeigandi leyfa og hefja framleiðslu og sölu. Mat stjórnenda er að með þessari fjármögnun sé rekstrarhæfi félagsins tryggt.

Þú hefur yfirfarið áætlanir stjórnenda og samninga um viðbótarfjármögnun og gerir ekki athugasemdir við mat stjórnenda.

Stjórnendur telja ekki þörf á umfjöllun um rekstrarhæfi og fjármögnun í skýrslu stjórnar eða skýringum.

- C. Fyrirtæki C ehf. er lítið félag sem rekur tískuvöruverslun í Kringlunni. Félagið er undanþegið endurskoðunarskyldu skv. 98. gr. laga um ársreikninga. Í lánssamningi félagsins við viðskiptabanka er krafa um að ársreikningar félagsins séu endurskoðaðir.

Mikilvægismörk sem þú hefur skilgreint við endurskoðunina eru kr. 10 milljónir. Við endurskoðunina hafa eftirfarandi mismunir verið greindir: Mismunur tengdur kostnaðarverði birgða kr. 2 milljónir sem leiðir til þess að birgðir ættu að vera lægri og kostnaðarverð seldra vara hærra. Mismunur tengdur launakostnaði, þar sem ekki hefur verið færð viðeigandi leiðrétting tengd áföllnu orlofi í lok árs, kr. 1 milljón sem leiðir til þess að launakostnaður og skammtímaskuldir ættu að lækka, og mismunur tengdur vörum í flutningi, kr. 3 milljónir sem leiðir til þess að vörubirgðir og skammtímaskuldir ættu að hækka.

Ársreikningur félagsins inniheldur skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

- D. Fyrirtækið D hf. er skráð fasteignafélag. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Þú varst ráðinn endurskoðandi félagsins í maí 2023 og er árið 2023 því fyrsta árið sem þú endurskoðaðar félagið. Ársreikningur ársins 2022 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda sem áritaði ársreikninginn með fyrirvaralausum álitum þann 15. mars 2023.

Félagið á fjölda fasteigna í útleigu og færir fjárfestingaæignir sínar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við ákvæði IAS 40. Félagið stundar einnig umtalsverða byggingarstarfsemi og byggir fasteignir sem ætlaðar eru til útleigu auk þess að byggja fasteignir fyrir þriðja aðila. Fasteignir í byggingu sem ætlaðar eru til útleigu eru færðar á kostnaðarverði. Tekjur vegna fasteigna í byggingu fyrir þriðja aðila eru innleystar yfir tíma í samræmi við IFRS 15.

Þú hefur skilgreint eftirfarandi atriði sem verulega áhættu (e. significant risk) við endurskoðunina:

- Hættan á sniðgöngu stjórnenda gagnvart innra eftirliti (e. management override of controls).
- Innlausn tekna af fasteignum í byggingu fyrir þriðja aðila.
- Mat fjárfestingaæigna í útleigu.

Þeir þættir sem hafa tekið mestan tíma við endurskoðunina eru:

- Almenna tölvuumhverfið, sér í lagi tengt fjárhagsbókhaldskerfi félagsins SAP, en talsverðir veikleikar voru greindir hvað varðar aðgangsstýringar og breytingastjórnun.
- Innlausn leigutekna.
- Innlausn tekna vegna fasteigna í byggingu fyrir þriðja aðila.

- Mat fjárfestingaeigna.
- Kostnaðarverð fasteigna í byggingu til eigin nota.
- Aðgerðir tengdar hættunni á sniðgöngu stjórnenda gagnvart innra eftirliti.
- Lánssamningar, sér í lagi yfirferð skilmála.

Þú hefur talið nauðsynlegt að fá eftirtalda sérfræðinga í endurskoðunarteymið: Upplýsingatæknisérfræðinga, verðmatssérfræðinga til að aðstoða við yfirferð mats fjárfestingaeigna og skattasérfræðinga til að yfirfara útreikninga tekjuskatts.

Mikilvægismörkin sem þú hefur skilgreint við endurskoðunina nema kr. 600 milljónum.

Við endurskoðunina hefur þú náð að afla nægjanlegra endurskoðunargagna vegna upphafsstaðna í samræmi við ákvæði ISA 510. Þú hefur greint mismun í upphafsstöðu vegna fasteigna í byggingu fyrir þriðja aðila sem skilgreinist þannig: Kröfur vegna fasteigna í byggingu fyrir þriðja aðila voru ofmetnar um kr. 450 milljónir, framleiðslukostnaður ársins 2022 vanmetinn um kr. 450 milljónir, tekjuskattur ofmetinn um kr. 90 milljónir, tekjuskattskuldbinding ofmetin um kr. 90 milljónir og eigið fé ofmetið um kr. 360 milljónir.

Félagið ákvað að leiðrétta skekkjuna með því að leiðrétta samanburðarfjárhæðir í ársreikningi 2023. Þú hefur yfirfarið leiðréttinguna og tengda skýringu í ársreikningi án athugasemda.

Úrlausnarefni:

Fyrir sérhvert tilvik sem lýst er hér að framan:

- Gerðu grein fyrir því hvaða áritun þú telur við hæfi miðað við ofangreindar forsendur.**
- Stílltu upp endanlegri áritun í heild sinni fyrir hvert tilvik samkvæmt niðurstöðu þinni í lið A. Við þá vinnu getur þú stuðst við drög að mismunandi stöðluðum áritunum sem þú hefur aðgang að á tölvutæku formi á heimasvæði prófsins.**

Vandaðu vel orðalag áritunarinnar.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 45 mín.

Þorskaþrenna hf. er með stærri matvælaframleiðendum á Íslandi. Félagið sérhæfir sig í framleiðslu á hágæða sjávarafurðum, allt frá hefðbundnum fiskibollum til nýmóðins fiskipróteins fyrir alþjóðamarkað. Þorskaþrenna hefur lagt mikla áherslu á sjálfbærni og nýsköpun, þar sem áhersla er lögð á fullnýtingu afurða og umhverfisvænar lausnir í framleiðsluferlinu.

Stjórnendur Þorskaþrennu eru stórhuga og hyggja á frekari stækkun félagsins og skráningu á markað. Liður í því er fjárfesting í sprotafyrirtækinu Landkröbbum ehf. Landkrabbar hafa þróað tækni til að hámarka nýtingu sjávarfangs og búa til einstakar krabbabollar. Í byrjun janúar 2023 keypti Þorskaþrenna 50% hlut í Landkröbbum fyrir 150 milljónir króna og greiddi fyrir með 500 þúsund hlutum af nýju hlutafé, en nafnverð hvers hlutar er ein króna. Fyrir átti Þorskaþrenna 30% eignarhlut í Landkröbbum og átti því samtals 80% eignarhlut eftir viðskiptin. Bókfært verð eldri eignarhlutarins í byrjun janúar 2023 nam 90 milljónum. Við kaupin á 50% hlutum var gangvirði hreinna eigna (e. fair value of net identifiable assets) Landkrabba metið 200 milljónir króna. Í upphafi árs 2024 var fenginn inn reyndur framkvæmdastjóri til að stýra rekstri Landkrabba. Nýi framkvæmdastjórinn fékk að kaupa 10% eignarhlut í Landkröbbum af Þorskaþrennu þann 1. janúar 2024 fyrir 40 milljónir króna. Þorskaþrenna á ekki önnur dóttur-, eða hlutdeildarfélög.

Á árinu 2023 nam hagnaður og heildarafkoma samstæðu Þorskaþrennu 70 milljónum og félagið greiddi 50 milljónir í arð til hluthafa sinna. Hagnaður og heildarafkoma af rekstri Landkrabba á árinu 2023 nam 20 milljónum króna, og 10 milljónir voru greiddar í arð til hluthafa. Á fyrri hluta ársins 2024 nam hagnaður og heildarafkoma samstæðu Þorskaþrennu 40 milljónum og á sama tíma var hagnaður og heildarafkoma Landkrabba 15 milljónir.

Eftirfarandi er staða á eiginfjárreikningum Þorskaþrennu (í þúsundum króna) samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2022:

<i>Í þús. króna</i>	Hlutafé	Lögb. Varasjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
31.12.2022	4.000	1.000	50.000	450.000	505.000

Þorskaþrenna hefur til þessa gert reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga, en stjórnendur hyggja á skráningu félagsins á markað á árinu 2024. Í tengslum við fyrirhugaða skráningu og sem hluta af skráningalýsingu vilja stjórnendur stilla upp ársreikningi 2023 og árshlutareikningi 30. júní 2024 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Stjórnendur félagsins leita til þín varðandi aðstoð.

Úrlausnarefni:

- Leiddu út viðskiptavild í kaupum Þorskaþrennu á Landkröbbum miðað við þær aðferðir sem heimilar eru við mat á hlutdeild minnihluta.**
- Settu upp eiginfjárfirilit fyrir samstæðuársreikning 2023 og fyrir samstæðuárshlutareikning 30. júní 2024 fyrir Þorskaþrennu. Ekki þarf að**

huga að samanburðartölum við uppsetningu á eiginfjárfirlitunum. Aðeins þarf að sýna yfirlit miðað við eina af þeim aðferðum við mat á hlutdeild minnihluta sem beðið er um í svari við lið A.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 3 – 50 mín.

Þú hefur um árábil verið endurskoðandi félagsins Íslenskar búvörur hf. sem framleiðir landbúnaðarvélar. Félagið hefur starfað um áratugaskeið. Undanfarin ár hefur dregið úr sölu hjá félaginu. Helstu skýringar stjórnenda hafa verið á þá leið að félagið hafi ekki náð að fjárfesta nægjanlega í vöruþróun en unnið sé að endurskipulagningu og væntingar standi til að félagið muni ná sér á strik. Stjórnendur hafa bundið miklar vonir við breytingar í kjölfar ráðningar verkfræðings til að sinna vöruþróun félagsins. Verkfræðingurinn hefur starfað hjá félaginu frá árinu 2021 og gerðar hafa verið breytingar á nokkrum af söluhæstu vélum félagsins frá þeim tíma.

Í byrjun febrúar 2024 ert þú að ljúka skipulagningu endurskoðunar ársreiknings 2023. Þú hefur fengið fyrstu tölur frá félaginu (fylgiskjal 1) og ert að vinna áhættumat. Áætlað er að ársreikningurinn verði undirritaður í lok mars 2024.

Þú telur viðeigandi að skilgreina mikilvægismörk 3% af rekstrartekjum og skipulagsmörk (e. performance materiality) 75% af þeirri fjárhæð.

Þú hefur fengið afrit af fundargerðum stjórnar á árinu 2023 og það sem af er ári 2024. Við yfirferð fundargerðanna verður þú þess áskynja að stjórnendur hafa vaxandi áhyggjur af rekstri félagsins, stjórn hefur leitað allmargra leiða til að bæta stöðuna, m.a. með því að kanna möguleika á að fá nýja fjárfesta að félaginu, leita leiða til endurfjármögnunar og hvort mögulegt sé að selja eignir.

Þann 20. mars 2024 skýra stjórnendur frá því að búið sé að finna fjárfesti sem töluverðar líkur eru á að komi með fjármuni inn í félagið. Samhliða því sé markmiðið að efla vöruþróun verulega ásamt því að hefja framleiðslu á vélum sem hinn nýi fjárfestir hefur þegar hannað. Auk þess stendur til að selja fasteign félagsins í Reykjavík þar sem félagið hefur verið með framleiðsluna og leigja fasteign á Selfossi undir starfsemina. Stjórnendur eru með nýlegt verðmat á fasteigninni sem nemur kr. 1,5 milljarði.

Úrlausnarefni:

- A. Stilltu upp greiningaraðgerðum sem hluta af áhættumati. Útskýrðu niðurstöðu þína og gerðu grein fyrir næstu aðgerðum.**
- B. Gerðu grein fyrir endurskoðunaraðgerðum sem þú telur nauðsynlegar í ljósi niðurstöðu greiningaraðgerða og upplýsinga sem þú hefur aflað við yfirferð fundargerða og hjá stjórnendum.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 4 – 55 mín.

Sjóhattur ehf. er umsvifamikið í útflutningi sjávarafurða frá Íslandi. Félagið hafði fram til ársins 2022 vaxið hratt, ekki síst vegna viðskiptasambanda í Evrópu. Tekjur félagsins eru að stærstum hluta í evrum og félagið hefur evru sem starfrækslugjaldmiðil sem og framsetningargjaldmiðil í reikningsskilum sínum.

Árið 2022 tóku stjórnendur Sjóhatts ákvörðun um að reyna að auka umsvif félagsins enn frekar. Í kjölfar þess var gerður leigusamningur um lagerhúsnæði með frystigeymslum. Leigusamningurinn, sem hófst 1. mars 2022, var upphaflega gerður til fjögurra ára, með möguleika á tveggja ára framlengingu að loknum leigutíma. Grunnleiga var ákveðin 800 þúsund krónur á mánuði og leiga greiðist fyrirfram. Leigugreiðslur eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og grunnvísitalan er 517,9. Stjórnendur höfðu við upphaf leigutíma ekki tekið ákvörðun um hvort þeir myndu nýta sér möguleikann á framlengingu leigusamningsins. Vextir Sjóhatts af viðbótarfjármagni á þessum tíma voru metnir vera 6,5%.

Þrátt fyrir bjartsýni í upphafi samnings gekk rekstur Sjóhatts verr en búist var við á árinu 2023. Í ljósi versnandi stöðu vildu stjórnendur draga saman seglin og náðu samkomulagi við leigusalann um að minnka umfang leigusamningsins með því að leigja aðeins helming þess rýmis sem félagið hafið áður á leigu. Þessi breyting var formlega skráð í viðauka við samninginn sem tók gildi 1. september 2023. Grunnleiga lækkaði í kjölfarið í 450 þúsund krónur, en verðtryggingin stóð óbreytt með sömu grunnvísitölu. Samhliða þessu var leigutíminn lengdur um eitt ár, og nýr lokadagur leigusamningsins því 28. febrúar 2027. Vextir Sjóhatts af viðbótarfjármagni á þeim tíma sem breytingin tók gildi voru metnir 7,1%.

Sjóhattur ehf. gerir reikningsskil í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur félagsins telja að það gefi gleggri mynd af fjárhagslegri stöðu og árangri félagsins að færa leigusamninga í samræmi við kröfur IFRS 16 eins og heimilt er samkvæmt reglu reikningsskilaráðs númer 6.

Upplýsingar um gengi evru og vísitölu eru í fylgiskjali 2.

Úrlausnarefni:

- A. Reiknaðu leiguskuldbindingu og nýtingarrétt í upphafi samningsins í samræmi við kröfur IFRS 16 og sýndu færslur í bókhald Sjóhatts á árinu 2022 vegna leigusamningsins. Ekki þarf að sýna færslur eftir upphaflega skráningu fyrir hvern mánuð heldur er heimilt að draga saman í eina færslu.**
- B. Reiknaðu áhrif viðaukans á reikningsskil Sjóhatts og sýndu færslu vegna breytingarinnar 1. september 2023.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 5 – 90 mín.

Þú ert að skipuleggja samstæðuendurskoðun ársins 2024 á Landanum hf., sem er stórt útgerðarfyrirtæki með höfuðstöðvar í Reykjavík. Félagið er skráð á aðalmarkað Nasdaq og setur fram ársreikning sinn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og gerir upp í evrum.

Félagið er með starfsemi í 6 löndum og er haldið utan um starfsemi hvers lands í sérstöku dótturfélagi sem skráð er í viðkomandi landi. Öll dótturfélögin eru með svæðisbundna stjórnendur og uppgjörsteymi. Öll félögin í samstæðunni nota sama fjárhagskerfið. Eftirlitsaðgerðir í fjárhagsferlinu eru þær sömu í öllum félögunum.

Í lok hvers reikningsskilaárs undirbúa uppgjörsteymi hvers félags uppgjörspakka sem eru yfirfarnir og samþykktir af framkvæmdastjóra hvers lands. Pakkarnir eru í framhaldinu sendir á fjármálasviðið í Reykjavík sem sér um uppsetningu á samstæðuársreikningi.

Stærð hvers félags innan samstæðunnar hefur haldist nokkuð stöðug í gegnum árin. Félagið á Íslandi er með meirihluta veltu og eigna, en dreifingin er jafnari á hin félögin. Eitt nýtt félag var keypt í upphafi árs 2024, Hakkinen Ab í Finnlandi. Um mitt ár 2024 var bókhald þess félags fært yfir í fjárhagskerfi Landans hf. ásamt því að innra eftirlit og ferlar samstæðunnar voru innleiddir hjá félaginu. Fjárhagskerfið er hýst á Íslandi.

Að sögn stjórnenda á Íslandi hefur rekstur samstæðunnar gengið vel á árinu og verið nokkuð stöðugur í gegnum árin. Hins vegar sker eitt félag sitt úr, Tintin NV í Belgíu. Rekstur þess snerist við á árinu og varð töluvert tap.

Áhættumat endurskoðunarteymisins skilgreinir einungis tekjur og sniðgöngu stjórnenda (e. management override of controls) sem lykiláhættur (e. significant risk).

Ætlunin er að stofan þín endurskoði félagið á Íslandi og njóti aðstoðar endurskoðenda dótturfélaganna vegna endurskoðunaraðgerða sem snúa að þeim. Mikilvægismörk eru reiknuð sem 1% af tekjum. Reiknuð skipulagsmörk (e. performance materiality) eru 75% af þeirri fjárhæð og nema EUR 14 milljónum. Endurskoðunarteymið á Íslandi mun prófa áreiðanleika fjárhagskerfisins og innra eftirlitið í kringum það.

Fyrir neðan er yfirlit samstæðunnar eftir að búið er að eyða út stöðum innan samstæðu. Fjárhæðir eru í milljónum evra.

		Ísland	Danmörk	Færeyjar	Noregur	Belgía	Finnland
	Samstæða	Landinn hf.	Larsen A/S	P/F Ólafsvaka	Solskjær AS	Tintin NV	Hakkinen Ab
Tekjur	1.860	1.500	150	20	15	75	100
Gjöld	1.714	1.400	113	15	11	100	75
Hagnaður	146	100	38	5	4 -	25	25
Eignir	1.920	1.500	200	30	30	60	100
Skuldir	1.310	1.000	150	20	20	70	50
Eigið fé	610	500	50	10	10 -	10	50

Úrlausnarefni:

- A. Framundan er kynning á endurskoðunaráætlun ársins fyrir endurskoðunarnefnd samstæðunnar. Segðu í stuttu máli hvað þarf að koma fram þar og vísaðu í viðeigandi staðla.
- B. Einn meðlimur endurskoðunarteymsins telur að það þurfi að endurskoða allar einingarnar að fullu enda er fjárhagslegt mikilvægi þeirra langt yfir mikilvægismörkum samstæðunnar. Telur þú þetta rétt? Færðu rök fyrir svari þínu og vísaðu í viðeigandi staðla.
- C. Við úthlutun mikilvægismarka (e. component materiality) á einstök félög kemur í ljós að summa þeirra allra er töluvert hærri en mikilvægismörk samstæðunnar (e. group materiality). Útskýrðu hvaða afleiðingar þetta hefur á endurskoðunina og vísaðu viðeigandi staðla.
- D. Stjórnendur telja að þú sem endurskoðandi samstæðunnar þurfir einungis að endurskoða íslenska félagið, enda er fjárhagslegt mikilvægi annarra eininga hverrar og einnar undir 15% þröskuldinum sem þú hafðir minnst á fyrir einhverjum árum síðan. Hvaða einingar telur þú mikilvægt að endurskoða og með hvaða hætti? Útskýrðu í stuttu máli hvað hefur áhrif á val þitt og vísaðu í viðeigandi staðla.
- E. Hvaða samskipti þurfa að eiga sér stað við endurskoðendur dótturfélaganna og hvað þarf að koma fram? Hvaða áhrif hefur það á endurskoðunina ef einhver endurskoðandi dótturfélaganna tilheyrir öðru neti (e. network) en stofan þín? Vísaðu í viðeigandi staðla.
- F. Hvaða áhrif hefur það á endurskoðun samstæðunnar ef áreiðanleiki næst á fjárhagskerfið á Íslandi?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í í word-svarskjali

Verkefni 6 – 60 mín.

Bílasalan Þrumubílar ehf. hefur fram til þessa eingöngu selt notaða bíla. Stjórnendur félagsins hafa um nokkurt skeið haft hug á því að tryggja sér umboð fyrir sölu nýrra bíla, og náðust samningar við bílaframleiðanda nýlega.

Í samræmi við íslensk lög fylgir öllum nýjum bílum tveggja ára lögbundin ábyrgð. Stjórnendur Þrumubíla hafa ákveðið, með hag viðskiptavina að leiðarljósi, að bjóða kaupendum nýrra bíla upp á viðbótarábyrgð sem gildir í tvö ár umfram lögbundnu ábyrgðina. Verð á valkvæðu viðbótarábyrgðinni er 200 þúsund krónur og greiðist við kaup á nýjum bíl. Þrumubílar eru ekki eina bílaumboðið sem býður upp á slíka ábyrgð, og framkvæmdastjórinn þekkir til þess að hjá samkeppnisaðilunum kjósi um 60% viðskiptavina að kaupa viðbótarábyrgð.

Þrumubílar hófu að selja nýja bíla í upphafi árs 1, og seldu alls 50 bíla á því ári á meðalverði sem nam 5 milljónum króna fyrir hvern bíl. Á þessu fyrsta ári var eftirspurn eftir nýjum bílum góð, en stjórnendur höfðu væntingar um að markaðurinn myndi vaxa í kjölfar vel heppnaðrar markaðsherferðar. Á ári 2 jókst sala fyrirtækisins umtalsvert, og seldust 70 bílar á meðalverði 5,2 milljónir króna hver bíll. Á ári 3 varð þó einhver samdráttur í sölnunni og telur framkvæmdastjórinn að versnandi efnahagsumhverfi sé um að kenna. Á ári 3 seldu Þrumubílar 60 bíla og meðalverð hækkaði í 5,3 milljónir króna. Reynsla af viðskiptum ára 1-3 sýnir að mat framkvæmdastjórans á hlutfalli viðskiptavina sem kaupa viðbótarábyrgð reyndist vera rétt.

Sala bíla dreifist jafnt yfir árið innan áranna þriggja, og ábyrgðarkostnaður fellur til línulega á ábyrgðartímanum. Söguleg gögn frá framleiðanda bílanna sýna að á fyrsta tveggja ára ábyrgðartímabilinu eftir sölu bílanna er ábyrgðarkostnaður að meðaltali 1,5% af söluverði bílanna. Næstu tvö ár, þegar viðbótarábyrgðin tekur gildi, er ábyrgðarkostnaður að meðaltali 2% af söluverði bílanna, enda hættara við bilunum við aukna notkun og eftir því sem bílarnir eldast.

Til að takmarka áhættu sína af ábyrgðakostnaði höfðu Þrumubílar sett inn í samkomulag sitt við framleiðanda bílanna ákvæði um að framleiðandinn taki á sig 50% af öllum ábyrgðarkostnaði fyrstu fjögur árin eftir kaup á nýjum bíl.

Þrumubílar gera ársreikning í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Úrlausnarefni:

- A. Greindu frammistöðuskuldbindingar (e. performance obligations) Þrumubíla miðað við ofangreindar forsendur. Gerðu jafnframt grein fyrir því hvaða atriði stjórnendur Þrumubíla þurfa að hafa í huga varðandi mat, færslu og framsetningu í rekstrar- og efnahagsreikningi á skuldbindingum og endurkröfurétti vegna ábyrgða.**

- B. Sýndu færslu tekna í bókhaldi Þrumubíla ár 1-3 vegna sölu á bílum og færslur vegna ábyrgða og endurkröfuréttar. Gerðu ráð fyrir að áætlanir um ábyrgðarkostnað gangi eftir og að öll viðskipti séu gegn staðgreiðslu. Heimilt er að líta fram hjá áhrifum núvirðingar.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel-svarskjali